

Langanesbyggð

Svæðisáætlun
um meðhöndlun úrgangs
2005-2020

2007



environice

UMÍS ehf. Environice

Efnisyfirlit

1. Formáli	3
1.1. Gildissvið og lýsing sveitarfélaga.....	3
2. Ástandslýsing	5
2.1. Heildarmagn úrgangs	5
2.1.1. Urðunarstaðir fyrir almennan úrgang	6
2.1.2. Aðilar í meðhöndlun og förgun úrgangs	7
2.2. Meðhöndlun úrgangs	8
2.3. Magn og meðhöndlun úrgangs í einstökum sveitarfélögum	12
2.3.1. Skeggjastaðahreppur	12
2.3.2. Þórshafnarhreppur	13
2.4. Lífrænn úrgangur	14
2.5. Kostnaður og tekjur sveitarfélaga vegna meðhöndlunar og förgunar úrgangs	15
2.6. Breytingar með sameinuðu sveitarfélagi	17
3. Spá um þróun til ársins 2020	17
4. Tillögur um aðgerðir	18
4.1. Tillögur fyrir Langanesbyggð	18
Viðauki 1: Skilgreiningar	20
Viðauki 2: Gildandi lög og reglugerðir	22

Töfluskrá

Tafla 1: Sveitarfélög og tengiliðir	3
Tafla 2: Íbúafjöldi og stærð sveitarfélaga.....	3
Tafla 3: Heildarmagn úrgangs eftir sveitarfélögum	6
Tafla 4: Urðunarstaðir fyrir almennan úrgang.....	6
Tafla 5: Aðstaða fyrir meðhöndlun úrgangs.....	9
Tafla 6: Söfnun og flutningur heimilísúrgangs á svæðinu	9
Tafla 7: Flokkunarmöguleikar sem standa til boða fyrir fyrirtæki og almenning í sveitarfélögum	10
Tafla 8: Meðhöndlunarleiðir úrgangs	11
Tafla 9: Magn lífrænna úrgangsefna sem leyfilegt verður að urða í hverju sveitarfélagi/sorpsamlagi.....	14
Tafla 10: Lífrænn úrgangur í sveitarfélagunum, reiknað út frá heildarmagni úrgangs*	14
Tafla 11: Sorphirðukostnaður heimila.....	16
Tafla 12: Kostnaður sveitarfélaga (í þús. kr.)	16

1. Formáli

Svæðisáætlun þessi um meðhöndlun úrgangs í Langanesbyggð er byggð að hluta til á svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Austurlandi, sem unnin var árið 2006. Vegna sameiningar sveitarfélaganna Skeggjastaðahrepps og Þórshafnarhrepps í sveitarfélagið Langanesbyggð var ákveðið að útbúa nýja svæðisáætlun sem næði yfir allt sveitarfélagið. Í áætluninni eru aðgreindar upplýsingar fyrir sitt hvort sveitarfélagið, eins og þau voru fyrir sameiningu. Er það meðal annars gert vegna þess að á þeim tíma sem upplýsingum er safnað fyrir, þ.e. árið 2005, voru sveitarfélögin aðskilin.

Áætlunin var unnin af Umís ehf. Environice fyrir hönd sveitarfélagsins. Skýrslan var unnin af Ragnhildi Helgu Jónsdóttur og Anne Maria Sparf umhverfisfræðingum, ásamt Stefáni Gíslasyni, umhverfisstjórnunarfræðingi.

Fyrir hvort sveitarfélag voru tilnefndir sérstakir tengiliðir fyrir verkefnið og voru þeir eftirtaldir:

Tafla 1: Sveitarfélög og tengiliðir

Sveitarfélag	Tengiliður
Skeggjastaðahreppur	Indriði Þóroddsson, Björn Guðmundur Björnsson
Þórshafnarhreppur	Henry Már Ásgrímsson, Björn Ingimarsson

Við gerð áætlunarinnar var fylgt leiðbeiningum Umhverfisstofnunar fyrir sveitarfélög og sorpsamlög um gerð svæðisáætlana um meðhöndlun úrgangs.

Varðandi umfjöllun um lög og reglugerðir sem snerta þennan málaflokk, skyldur og hlutverk sveitarfélaga í meðhöndlun úrgangs og hvaða markmið stjórnvöld hafa sett sér í meðhöndlun úrgangs, er vísað til Svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs á Austurlandi 2005-2010, sem gefin var út árið 2006.

1.1. Gildissvið og lýsing sveitarfélaga

Svæðisáætlun þessi um meðhöndlun úrgangs gildir fyrir sveitarfélagið Langanesbyggð, sem varð til vorið 2006 við sameiningu sveitarfélaganna Þórshafnarhrepps og Skeggjastaðahrepps.

Tafla 2: Íbúafjöldi og stærð sveitarfélaga

Sveitarfélag	Íbúafjöldi	Stærð km ²	Íbúar/km ²
Skeggjastaðahreppur	125	605	0,21
Þórshafnarhreppur	417	729	0,57
ALLS	542	1334	0,41

Íbúafjöldi samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands, 1. des. 2006.

Flatarmál samkvæmt upplýsingum frá Landmælingum Íslands, 1. jan 2005.

Skeggjastaðahreppur

Sveitarfélagið liggur við Bakkaflóa og er þéttbýliskjarninn Bakkafjörður syðst í sveitarfélaginu og búa flestir íbúar þar. Einungis fáar jarðir eru í byggð, en vegalengdir eru nokkrar á milli þeirra. Stærsti vinnuveitandinn er fiskvinnslan Gunnólfur ehf. en einnig eru fleiri fiskvinnslur og útgerð á staðnum, auk þess sem sveitarfélagið rekur skóla. Mest fellur til af úrgangi hjá fiskvinnslunum og er stór hluti hans lífrænn úrgangur. Sveitarfélagið er utan áhrifasvæðis virkjunar og álvers og er ekki gert ráð fyrir miklum breytingum í fólksfjölda, né fjölda fyrirtækja.

Þórshafnarhreppur

Sveitarfélagið liggur við Lóna- og Þistilfjörð, auk þess að ná yfir stærstan hluta Langaness, sem teygir sig um 40 km út í hafið til norðausturs. Þórshöfn er við Lónafjörðinn og búa þar flestir íbúarnir. Úti á Langanesi, utan Þórshafnar, eru fimm jarðir í byggð en sex innan við Þórshöfn. Stærsti vinnuveitandinn er Hraðfrystistöð Þórshafnar hf. en nokkrar minni útgerðir, vinnuvélaverktakar og verslunar- og veitingaaðilar eru með starfsemi á Þórshöfn auk heilsugæslu, grunnskóla og hjúkrunar- og dvalarheimilis. Mest fellur til af úrgangi hjá fiskvinnslu- og verslunaraðilum. Stór hluti úrgangs atvinnufyrirtækja kemur frá fiskvinnslunni og er þar mest um lífrænan úrgang að ræða en síðan er nokkuð um pappír og plastumbúðir sem kemur frá fyrirtækjum í verslunar- og veitingarekstri. Íbúafjöldi hefur verið nokkuð stöðugur undanfarin ár og reiknað með því að svo verði áfram.

Við sveitarstjórnarkosningar í maí 2006, sameinuðust sveitarfélögin tvö í sveitarfélagið Langanesbyggð. Vegna þessarar sameiningar breyttust áherslur varðandi förgun og meðhöndlun úrgangs á svæðinu.

2. Ástandslýsing

Í þessum kafla er greint frá núverandi ástandi í úrgangsmálum á svæðinu. Fyrst eru kynntar niðurstöður um heildarmagn úrgangs á svæðinu, ásamt áætlun um magn lífræns úrgangs. Síðan er sorphirðu- og meðhöndlunarkerfi sveitarfélaganna tveggja kynnt, en einnig er gerð grein fyrir kostnaðarþætti starfseminnar. Ályktanir um núverandi stöðu eru kynntar, en einnig er kynnt spá um þróun mála til ársins 2020.

2.1. Heildarmagn úrgangs

Sveitarfélögin hafa notað það viðmiðunarform sem Umhverfisstofnun hefur gefið út fyrir móttöku og ráðstöfun úrgangs. Magn úrgangs hefur ekki verið vigtað, heldur er hér um að ræða áætlun á magninu út frá stærð íláta, fjölda tæminga og mati starfsmanna. Því eru tölurnar um magn úrgangs sem hér eru notaðar, birtar með fyrirvara.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um hversu hátt hlutfall af úrganginum kemur frá fyrirtækjum eða heimilum. Í töflu 3 er yfirlit yfir heildarmagn úrgangs í sveitarfélögunum tveimur, greint eftir helstu úrgangsflokkum.

Tafla 3: Heildarmagn úrgangs eftir sveitarfélögum*

	Skeggjastaðahreppur	Þórshafnarhreppur
Almennur úrgangur	70	150
Annað óflokkað	150	240
Grófur úrgangur	10	14
Gler		2
Sláturúrgangur	0	
Annar lífrænn úrgangur		1
Timbur	7	8
Brotajárn/málmur,/ökutæki	15	50
Hjólbarðar		
Spillefni/rafgeymar/-hlöður	1	2
Net	1,5	3
Pappír/dagblöð/tímarit		
Bylgjupappi		
Fernur		
Heyrúlluplast		
Annað plast		
Glerflöskur		
Plastflöskur		
Áldósir		
ALLS (tonn)	91	470
Kg/íbúa	727	1146

* = miðað er við urðað magn áður en samningur við Hringrás tekur gildi

? = magn ekki vitað

2.1.1. Urðunarstaðir fyrir almennan úrgang

Í sveitarfélaginu eru nú starfræktir tveir urðunarstaðir fyrir almennan úrgang.

Tafla 4: Urðunarstaðir fyrir almennan úrgang

Urðunarstaður	Urðun 2005	Leyfileg urðun á ári	Gildistími starfsleyfis
Bakkafjörður, Skeggjastaðahreppi	Ekki vigtað	200 t	2012
Þórshafnarhreppi	Ekki vigtað	500 t	2012

Álfasundsás í Þórshafnarhreppi

Urðunarstaður Þórshafnarhrepps er við Álfasundsás og er sveitarfélagið eigandi og rekstraraðili á staðnum. Urðunarstaðurinn hefur starfsleyfi til ársins 2012 og gildir það fyrir meðhöndlun á allt að 500 tonnum á ári af neyslu- og rekstrarúrgangi. Ekki hefur verið útbúin aðlögunaráætlun fyrir urðunarstaðinn, eins og ber að gera samkvæmt reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs.

Bakkafjörður í Skeggjastaðahreppi

Skeggjastaðahreppur er eigandi og rekstraraðili á urðunarstaðnum, en staðurinn hefur starfsleyfi fyrir urðun á 200 tonn af neyslu- og rekstrarúrgangi á ári. Á urðunarstaðnum, sem er skammt austur af þéttbýlinu á Bakkafirði, er notuð traktorsgrafa til að grafa holur og síðan til að moka yfir. Fiskislóg er grafið sér og gryfjan merkt. Þrír menn sjá um urðunina, tveir frá áhaldahúsi og einn með gröfu. Aðlögunaráætlun fyrir urðunarstaðinn hefur verið búin til.

Núverandi urðunarstaðir eru báðir orðnir of litlir og því er það stefna yfirvalda í Langanesbyggð að einungis einn urðunarstaður verði í sveitarfélaginu, og er miðað við að útbúa nýjan stað í landi Skeggjastaða í Bakkafirði. Við gerð aðalskipulags, sem nú er verið að vinna, er miðað við þessa staðsetningu og í framhaldinu verður farið í mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, auk nauðsynlegrar sýnatöku og fengin nauðsynleg leyfi frá Umhverfisstofnun.

2.1.2. Aðilar í meðhöndlun og förgun úrgangs

Bólholt ehf.

Fyrirtækið Bólholt ehf. sér um tæmingu rotþróa á Þórshöfn, sem eru einungis tvær. Seyran er ýmist losuð í holræsi við útrás eða á sorphaugana, þar sem hún er urðuð.

Eldisfóður ehf.

Eldisfóður ehf. á Vopnafirði framleiðir loðdýrafóður en fyrirtækið tekur á mót lífrænum úrgangi frá fyrirtækjum, bæði á Vopnafirði og annars staðar á Austurlandi. Meðal annars hefur fyrirtækið tekið á mót þorsklóg frá fiskvinnslum á Bakkafirði og Þórshöfn. Árið 2005 voru það 83 tonn sem fyrirtækið tók á mót frá þessum stöðum. Þessi endurvinnsla úrgangsins, minnkar það magn lífræns úrgangs sem fer til urðunar.

Endurvinnslan Akureyri

Ákveðnir úrgangsflokkar hafa verið hirtir af Endurvinnslunni á Akureyri, m.a. spilliefni, rafgeymar, rafhlöður, ónýt málning, dekk, rúlluplast og úrgangur frá heilbrigðisstofnunum. En með gildistöku samnings við Hringrás, mun Endurvinnslan ekki lengur þjóna aðilum á svæðinu.

Hringrás

Þann 31. júlí 2006 var undirritaður samningur milli Langanesbyggðar og fyrirtækisins Hringrásar um að fyrirtækið hirði ákveðna úrgangsflokka og komi þeim í endurvinnslu eða til

förgunar. Þessi samningur tekur gildi vorið 2007 og gildir í fimm ár. Úrgangsflokkarnir sem um ræðir eru:

- Dagblöð, tímarit, úrgangspappír, pappírs- og pappaumbúðir
- Bylgjupappi
- Fernur
- Plast
- Rafhlöður
- Rafgeymar
- Hjólbarðar
- Ökutæki
- Annað brotajárn/málmur/raftæki

Aðrir aðilar

Á bænum Sauðanesi er rekin kurlverksmiðjan Skör ehf. sem framleiðir spæni og sag úr rekaviði og öðru timbri. Allt timbur sem fellur til í sveitarfélaginu og hentar í þessa framleiðslu er flutt þangað til endurnýtingar.

Rauði krossinn tekur föt sem falla til og kemur þeim í endurnotkun.

2.2. Meðhöndlun úrgangs

Í þessum kafla er greint frá núverandi meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu, hvernig sorphirðukerfið er, ásamt þeirri aðstöðu sem er fyrir hendi til meðhöndlunar úrgangs, flokkun, endurnotkun, endurnýtingu og förgun úrgangs. Í töflu 5 er yfirlit yfir aðstöðu fyrir meðhöndlun úrgangs í hvorum hluta sveitarfélagsins og í töflu 6 er yfirlit yfir sorphirðukerfið.

Tafla 7 sýnir hvaða flokkunarmöguleikar eru í boði fyrir almenning og fyrirtæki annað hvort á vegum sveitarfélagsins eða annarra aðila, í sveitarfélaginu. Flokkunarmöguleikar utan sveitarfélagsins, t.d. í næsta sveitarfélagi eru ekki meðtaldir. Taflan sýnir einungis flokkunarleiðir sem eru í boði, en ekki hversu stórt hlutfall af hverri tegund er flokkað. Töfluna skal lesa í samhengi við töflu 8 um meðhöndlunarleiðir, en sú tafla sýnir þær meðhöndlunarleiðir sem eru í boði fyrir hverja tegund úrgangs í sveitarfélaginu.

Tafla 5: Aðstaða fyrir meðhöndlun úrgangs

	Skeggjastaðahreppur	Þórshafnarhreppur
Mannaðir lokaðir gámvellir	0	0
Aðrir söfnunarstaðir	0	1
Opnir og lokaðir gámar, allir flokkar	0	2
Gámar úti í sveit	0	1
Gámar staðsettir á gámasvæði	1	4
Típpar og geymslugryfjur	1	1
Urðunarstaðir fyrir almennan úrgang	1	1
Urðunarstaðir fyrir óvirkan úrgang	0	1
Urðunarstaðir fyrir lífrænan úrgang	0	0
Móttökustaðir fyrir garðaúrgang	0	0
Gamlir sorphaugar og gryfjur	0	0
Seyrugryfjur	0	0

Aðrir söfnunarstaðir: t.d. opnir gámvellir, áhaldahús eða aðrir aðilar
 Geymslugryfjur: t.d. fyrir brotamálm, heyrúlluplast eða timbur

Tafla 6: Söfnun og flutningur heimilisúrgangs á svæðinu

Sveitarfélag	Söfnunaraðili	Tíðni söfnunar	Búnaður	Ílát	Mannskapur
Skeggjastaðahreppur	Áhaldahús	Vikulega	Jeppakerra	Tunnur	1 maður
Þórshafnarhreppur	Áhaldahús	Vikulega	Vagn sem tekur upp gáma og losar þá + annar vagn	Tunnur	2-3 menn

Tafla 7: Flokkunarmöguleikar sem standa til boða fyrir fyrirtæki og almenning í sveitarfélögum

	Skeggjastaðahreppur	Bórshafnarhreppur
Grófur úrgangur	Nei	Nei
Skilgjalddsskyldar drykkjarumbúðir	Nei	Já
Dagblöð/Tímarit/Skrifstofupappír	Nei	Já
Bylgjupappi	Nei	Já
Fernur	Nei	Já
Aðrar pappírs- og pappambúðir	Nei	Já
Plast	Nei	Já
Gler og postulín	Nei	ATH
Föt	Nei	Já
Nytjahlutir, húsgögn/húsbúnaður	Nei	ATH
Kertaafgangar	Nei	ATH
Rafhlöður	Já	Já
Rafgeymar	Já	Já
Önnur spilliefni	Já	Já
Raftæki	Nei	Já
Hjólbarðar	ÁEV	Já
Ökutæki	Já	Já
Annað brotajárn/málmar	Já	Já
Timbur	Já	Já
Heyrúlluplast	ATH	Já
Garðaúrgangur	Nei	Nei
Matarleifar	Nei	Nei

Já Flokkun er í boði
Nei Flokkun er ekki boði
ATH Flokkun er í athugun
ÁEV Á ekki við

Tafla 8: Meðhöndlunarleiðir úrgangs

	Skeggjastaðahreppur	Þórshafnarhreppur
Almennur úrgangur	AU	AU
Grófur úrgangur	ÁEV	AU
Slátur- og dýrárgangur	AU	SU
Fiskúrgangur	AU	SU
Garðaúrgangur	AU	AU
Seyra	SJÓ	SJÓ
Drykkjarumbúðir	FA	FA
Dagblöð/Tímarit/Pappír	AU	AU
Bylgjupappi	AU	AU
Fernur	AU	AU
Aðrar pappírs- og pappambúðir	AU	AU
Plast	AU	AU
Gler og postulín	AU	AU
Föt	AU	AU
Nytjahlutir, húsgögn/húsbúnaður	AU	AU
Kertaafgangar	AU	AU
Rafhlöður	FA	FA
Rafgeymar	FA	FA
Önnur spilliefni	FA	FA
Raftæki	AU	FA
Hjólbarðar	ÁEV	FA
Ökutæki	GE	FA
Annað brotajárn/málmur	GE	FA
Ómálað timbur	ÁB	ÁB
Málað timbur	AU	FA
Heyrúlluplast	ENÝ	ENÝ

ENO	Endurnotkun
ENÝ	Endurnýting
LG	Landgræðsla/Landmótun
AU	Urðun fyrir almennan úrgang
ÓU	Urðun fyrir óvirkan úrgang
LU	Urðun fyrir lífrænan úrgang
SU	Sérurðun á urðunarstað fyrir almennan úrgang
SG	Geymslugryfja fyrir seyru
GE	Geymsla
ATH	Meðhöndlun í athugun
ÁB	Áramótabrennur
FA	Flutt annað til meðhöndlunar, endurnýtingar eða endanlegrar förgunar
SJÓ	Fer í sjóinn
ES	Ekki sinnt á vegum sveitarfélagsins
ÁEV	Á ekki við

2.3. Magn og meðhöndlun úrgangs í einstökum sveitarfélögum

2.3.1. Skeggjastaðahreppur

Magn úrgangs hefur hvorki verið vigtað né skráð í Skeggjastaðahreppi. Magn heimilisúrgangs var áætlað gróflega út frá tölum Hagstofu Íslands frá árinu 2004 um heildarmagn heimilisúrgangs á öllu landinu og út frá því var reiknað magn heimilisúrgangs pr. íbúa en það er um 30% af heildarmagni úrgangs. Út úr þessu kemur að heimilisúrgangur sé um 420 kg á ári á íbúa. Þannig er heildarmagn heimilisúrgangs um $(420\text{kg} \cdot 125 \text{ íbúar})$ 52.500 kg eða 52,5 tonn. Magn rekstrarúrgangs var gróflega áætlað samkvæmt reynslu starfsmanns áhaldahúss vera 10-25 tonn. Magn brotamálma er ekki þekkt, en þeim hefur verið safnað sér og geymdir. Samkvæmt áætlun er stærð haugsins nú um 70-100m³ eða um 10,5 til 20 tonn. Ekki er gert ráð fyrir umtalsverðum sveiflum í myndun úrgangs.

Í sveitarfélaginu er úrgangur hirtur vikulega í þéttbýlinu, af starfsmanni áhaldahúss, en bæði heimili og fyrirtæki eru með tunnur. Alls eru í notkun 55 til 60 tunnur sem hver er 120 lítra. Við söfnun er notuð jeppakerra og úrgangi safnað á hana og flutt á urðunarstað. Úrgangur er ekki hirtur af sveitabæjum. Mjög fáir bæir eru í sveitarfélaginu, en úrgangur hefur verið hirtur af þeim bæjum sem eru nálægt þéttbýlinu. Hinir hafa sjálfir séð um sinn úrgang, en sorphirða fyrir alla bæi er í undirbúningi. Skeggjastaðahreppur er ekki með samþykkt um meðhöndlun úrgangs. Fyrirtæki sjá sjálf um sinn úrgang, en greiða einungis venjulegt sorphirðugjald fyrir að fá að losa úrganginn á urðunarstað hreppsins. Mest er um að ræða fiskúrgang svo sem fiskislóg frá fiskvinnslu, ásamt umbúðaúrgangi af ýmsu tagi.

Nær engin flokkun er á úrgangi í Skeggjastaðahreppi og er næstum allur úrgangur urðaður sem almennur úrgangur. Hvorki er gámaöllumur í sveitarfélaginu né aðrir söfnunarstaðir eða móttökustöðvar. Móttaka fyrir spilliefni er við höfnina, en þar eru sérmerkt kör frá Sagaplasti, þar sem fólk getur skilað rafgeymum og öðru slíku. Svæðið er opið og ómannað. Pappír, pappi, gler, fernur o.s.frv. hefur farið óflokkað í urðun. Grunnskólanemar hafa verið að safna saman skilagjaldsskyldum drykkjarumbúðum og hafa farið með það til Vopnafjarðar. Mjög lítið fellur til af hjólbörðum innan sveitarfélagsins, en ekkert dekkjaverkstæði er í hreppnum og í flestum tilfellum skilur fólk dekkinn eftir á verkstæðunum þegar þau eru ónýt og láta umfelga. Einnig fellur mjög lítið til af timbri, en það er urðað sem almennur úrgangur eða notað í áramótabrennur. Talið er að afar fáir stundi jarðgerð heima á bæjum. Garðaúrgangur er urðaður sem almennur úrgangur, en brotamálmar eru geymdir á geymslusvæði í nágrenni við urðunarstaðinn.

Söfnun á heyrúlluplasti hefur ekki verið sinnt á vegum sveitarfélagsins. Líklegt er að heyrúlluplasti verði safnað á bæjum, þegar farið verður að hirða almennan úrgang í sveitinni. Áður hafa bændur urðað eða brennt plastið heima á bæjunum, þó sumir hafa komið með það á urðunarstaðinn. Urðunarstaður sveitarfélagsins er staðsettur rétt við þéttbýlið í Bakkafirði. Enginn pressun eða þjöppun er á úrgangnum. Bólholt hefur tæmt seyrubrunna sveitarfélagsins, en seyran hefur verið tæmd í sjóinn.

2.3.2. Þórshafnarhreppur

Magn úrgangs í Þórshafnarhreppi, var umreiknað út frá fjölda gámatæminga, fjölda vagna með heimilisúrgang og áætlaðan annan úrgang sem fluttur var á urðunarstað af öðrum aðilum. Þær upplýsingar sem koma fram hér að framan, eru samkvæmt þeirri skilagrein sem send var Umhverfisstofnun um móttöku og ráðstöfun úrgangs.

Miðað við þessar forsendur var tekið á móti um 150 tonnum af blönduðum heimilisúrgangi, um 140 tonnum af blönduðum rekstrarúrgangi, um 700 kg. af dýrahrejum, uppgröftur, ómengaður jarðvegur var um 30 tonn, steinsteypa, flísar o.fl. um 20 tonn, gler 2 tonn, heimilistæki úr plasti um 1,5 tonn, húsgögn 2 tonn, spænic og svarf 1 tonn og veiðarfæri, sem voru 3 tonn, flokkast undir grófan úrgang. Önnur spilliefni, rafgeymar, rafhlöður, ónýtar málningarvörur svo og nálar og annað frá heilbrigðisstofnunum hafa starfsmenn áhaldahúss mótttekið og sent til Endurvinnslunnar á Akureyri í sérútbúnum körum, en með nýjum samningi við Hringrás munu það fyrirtæki taka á móti öllum spilliefnum í framtíðinni, dekkjum, brotamálmi, ónýtum bílum, rafgeymum og öðru.

Dekk hafa verið send til Endurvinnslunnar á Akureyri á undanförunum árum, en hefur verið safnað nú síðustu misseri og mun Hringrás taka þau sumarið 2007 ásamt uppsöfnuðum brotamálmi. Áætlað magn brotamálms, sem er margra ára uppsöfnun, er 3-400 tonn.

Í sveitarfélaginu er heimilisúrgangur hirtur vikulega í þéttbýlinu, en íbúar nota svarta ruslapoka undir heimilisúrgang. Heimilisúrgangur er hirtur á vagn sem traktor sveitarfélagsins dregur og síðan ekið á urðunarstað og losað í sér urðunarreit, sem eingöngu er ætlaður fyrir heimilisúrgang. Annar urðunarreit er notaður undir annan blandaðan úrgang. Mokað er yfir allan úrgang samdægurs með traktor sveitarfélagsins. Ekki er um að ræða neina pressun á úrganginum.

Bændur og íbúar dreifbýlis sjá sjálfir um að koma úrgangi frá sér, ýmist í söfnunargáma í þéttbýlinu eða í gám sem er staðsettur syðst í sveitarfélaginu, við Hallgilsstaði sem er um 10 km frá þéttbýli. Rúlluplast er hirt af bæjum og sent í endurvinnslu. Samkvæmt samningi við Hringrás stendur til að flokka pappír og mjólkurfurnur frá öðrum úrgangi svo og heyrúlluplast, sem mun fara í endurvinnslu.

Á Þórshöfn eru 9 gámar og skúffur til söfnunar á almennum úrgangi, nokkrir eru staðsettir við fyrirtæki en aðrir á gá mavelli. Eru gámar og skúffur tæmdar eftir þörfum af starfsmönnum áhaldahúss. Í áætlun er að endurbæta og endurbyggja gá mavöll ásamt því að endurskoða með hvaða hætti mætti betur fara með móttöku og meðhöndlun úrgangs, pressun, flokkun, lokun gámasvæðis og minnkun umfangs úrgangs vegna lengdar á væntanlegan urðunarstað.

Eingöngu eru tvær rotþrær í þéttbýlinu. Fyrirtækið Bólholt á Egilsstöðum hefur séð um að tæma þær til þessa og hafa starfsmenn þess losað seyruna ýmist í holræsi við útrás eða á urðunarstaðinn, þar sem hún hefur verið urðuð.

2.4. Lífrænn úrgangur

Í landsáætlun um meðhöndlun úrgangs hefur Umhverfisstofnun gefið út magn lífræns úrgangs sem leyfilegt verður að urða í hverju sveitarfélagi eða sorpsamlagi á árunum 2009, 2013 og 2020 (sjá viðauka 4 í Landsáætlun). Hér að neðan í töflu 9 má sjá upplýsingar um þetta magn í þeim sveitarfélögum sem um ræðir í þessari svæðisáætlun, teknar upp úr viðauka 4 í Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs. Tekið skal fram að Þórshafnarhreppur og Svalbarðshreppur eru teknir saman í þessari töflu.

Tafla 9: Magn lífrænna úrgangsefna sem leyfilegt verður að urða í hverju sveitarfélagi/sorpsamlagi

Lífrænn heimilis- og rekstrarúrgangur* (í tonnum á ári)									
	Íbúar á þjónustusvæði 1. des. 2002		Heildar- magn úrgangs 2002	2009		2013		2020	
	fjöldi	% af heild		Áætlað Magn	Leyfileg urðun	Áætlað magn	Leyfileg urðun	Áætlað magn	Leyfileg urðun
Skeggjastaðahr.	138	0,05	227	160	90	180	60	208	42
Þórshafnarhr. + Svalb.hr.	531	0,18	818	578	325	648	216	750	151
Samtals:	669	0,23	1.045	738	415	828	276	958	193

* miðað er við 61,15% af heildarmagni

Í landsáætlun er gert ráð fyrir íbúafjölgun á því tímabili sem hún nær yfir. Hins vegar hefur verið um lítilsháttar fækkun í Langanesbyggð og ef svo heldur áfram mun það hafa áhrif á það magn úrgangs sem fellur til.

Ef skoðað er hvert heildarmagn úrgangs á svæðinu er, þá er hægt að áætla magn lífræns úrgangs. Miðað er við sama hlutfall og í landsáætluninni, þ.e. að 61,15% af heildarmagni úrgangs sé lífrænn úrgangur. Magnið er greint eftir hvorum hluta sveitarfélagsins í töflu 10.

Tafla 10: Lífrænn úrgangur í sveitarfélögunum, reiknað út frá heildarmagni úrgangs*

	Íbúafjöldi	Heildarmagn úrgangs, í tonnum	Lífrænn úrgangur, í tonnum**	Lífrænn úrgangur per íbúa í kg.
Skeggjastaðahreppur	125	91	56	448
Þórshafnarhreppur	417	470	287	688
ALLS	542	561	356	633

* Hafa skal í huga að inn í upplýsingar um heildarmagn úrgangs vantar magn seyru, fiskúrgangs og garðaúrgangs.

** 61,15% af heildarmagni úrgangs

Inn í tölur um heildarmagn vantar magn seyru, fiskúrgangs og garðaúrgangs, sem hefur farið í annars konar meðhöndlun en beint á urðunarstað, eða í loðdýrafóður. Í þessum sveitarfélögum virðist þó sem að hér sé ekki um mikið magn að ræða, meðal annars vegna

Þess að nokkuð af þessum úrgangsflokkum er skilað inn til urðunar og koma því fram í tölum um annan óflokkaðan úrgang.

Hins vegar getur verið að hlutfall lífræns úrgangs sé hærra hjá þessum sveitarfélögum, vegna þess hvað fiskvinnslur veða þungt í myndun úrgangs, en mikill hluti þess úrgangs sem þar fellur til er lífrænn.

Við endurskoðun svæðisáætlunarinnar árið 2009 er gert ráð fyrir að tölulegar upplýsingar liggji fyrir um magn fiskúrgangs sem fellur til á svæðinu.

Rétt er að áréttu að tölur um heildarmagn úrgangs eru áætlaðar að einhverju eða öllu leyti. Það veldur því að tölurnar eru ekki alveg áreiðanlegar, en þetta er þó eins nálægt hinu rétta og hægt hefur verið að fá upplýsingar um, meðan ekki er allur úrgangur vigtaður og skráður.

Landsmeðaltal fyrir lífrænan úrgang er um 965 kg/íbúa/ári. Meðaltalið fyrir þetta sveitarfélag er hins vegar einungis 665 kg/íbúa/ári, en eins og fram hefur komið, vantar inn í þá tölu upplýsingar um seyru, fiskúrgang og garðaúrgang. Auk þess er rétt að minna á að þessar tölur eru reiknaðar beint út frá heildarmagni úrgangs sem upplýsingar fengust um í þessum tveimur sveitarfélögum, sem mynda nú Langanesbyggð, og koma fram í töflu 3 um heildarmagn úrgangs í sveitarfélögunum, í kafla 2.1, og var þar í mörgum tilfellum um áætlaðar tölur að ræða. Því er ekki hægt að draga of miklar ályktanir af tölunum.

Hins vegar er ljóst, þegar heildarmagn lífræns úrgangs í sveitarfélögunum tveimur er skoðað og borið saman við upplýsingar frá Umhverfisstofnun um magn lífræns úrgangs sem leyfilegt verður að urða árin 2009, 2015 og 2020 (tafla 9), kemur í ljós að það magn sem er tilgreint í töflu 10 um lífrænan úrgang í sveitarfélögunum tveimur, er mun meira en það magn sem leyfilegt verður að urða á seinni hluta tímabilsins, þrátt fyrir að þessa stóru úrgangsflokka vanti að einhverju leyti inn í magntölurnar. Því er ljóst að Langanesbyggð þarf að grípa til aðgerða til að ná markmiðum reglugerðar og landsáætlunar um meðhöndlun úrgangs. Viðfangsefnið er þó líklega auðveldara en í sumum hinna sveitarfélaganna á Austurlandi, vegna þess að nú þegar fara nokkrir tugir tonna af fiskslógi í loðdýrafóður og þar með í viðurkennda endurvinnslu.

2.5. Kostnaður og tekjur sveitarfélaga vegna meðhöndlunar og förgunar úrgangs

Einn mikilvægur þáttur sem skoða þarf, þegar fjallað er um meðhöndlun og förgun úrgangs, er kostnaðarliðurinn. Samkvæmt mengunarbótareglunni skal sá sem veldur mengun, greiða þann kostnað sem af henni hlýst. Því ættu tekjur sveitarfélaga af sorphirðugjöldum og sorphörgunargjöldum að standa undir kostnaði sem hlýst af þessum málaflokk. Töflur 11 og 12 sýna sorphirðukostnað heimila og kostnað sveitarfélaganna tveggja við meðhöndlun úrgangs.

Tafla 11: Sorphirðukostnaður heimila

Sveitarfélag	Sorphirðugjald	Sorpförgunargjald	Samtals
Skeggjastaðahreppur	5.500	0	5.500
Þórshafnarhreppur	5.500	5.500	11.000

Tafla 12: Kostnaður sveitarfélaga (í þús. kr.)

Sveitarfélag	Sorphirðu- kostnaður	Flutnings- kostnaður	Meðhöndl- unarkostn.	Annar kostnaður ¹	ALLS	Heildar- tekjur	Mis- munur
Skeggjastaðahr.	-	-	-	-	716	270	-447
Þórshafnarhr.					2759	2413	-346

Hvorugt þessara sveitarfélaga hafa fylgt mengunarbótareglunni til hlýtar, þar sem tekjur þeirra af sorphirðugjöldum og sorpförgunargjöldum standa ekki undir kostnaði sem þau bera af meðhöndlun og förgun úrgangs. Þó er munurinn hlutfallslega lítill í Þórshafnarhreppi, en þeim mun meiri í Skeggjastaðahreppi.

Ljóst er að sveitarfélagið Langanesbyggð þarf að breyta gjaldskrár sinni, til að jafnvægi skapist þarna á milli. Á árinu 2007 hafa orðið vissar breytingar á gjaldskrár, m.a. þar sem farið er að innheimta sorpförgunargjald í öllu sveitarfélaginu. Það leiðir til þess að þessi málalokkur verður nær því að standa undir sér, en áður.

Einnig er nauðsynlegt að setja inn í gjaldskrárnar tengingu við magn úrgangs, þ.e. að þeir íbúar sem flokka úrgang og skila minna magni sem almennum úrgangi, greiði lægra gjald heldur en þeir sem flokka sinn úrgang ekki. Nánar er fjallað um lausnir sem sveitarfélögin geta gripið til í 4. kafla; tillögur um aðgerðir.

Skeggjastaðahreppur

Sorphirðugjaldið í Skeggjastaðahreppi er tiltölulega lágt og þyrftu sorpgjöldin að hækka um 211% til að standa undir heildarkostnaði samkvæmt upplýsingum frá sveitarfélaginu. Sorphirðugjaldið hefur ekki verið hækkað síðan árið 2001. Heildarkostnaður vegna meðhöndlunar úrgangs árið 2005 var kr. 716.493, en það er vegna sorphirðu annars vegar og hins vegar kostnaðar vegna verktakans sem urðar úrganginn. Heildartekjur fyrir sorpgjöld heimila og fyrirtækja var kr. 269.500. Fyrirtæki borga sama sorpgjald og heimili.

¹ Allur annar kostnaður ss. stjórnunarkostnaður, fjármagnskostnaður, landnotkun, þróun, kynning o.fl.

Bórshafnarhreppur

Sorphirðugjaldið í Bórshafnarhreppi er það sama og í Skeggjastaðahreppi, en vegna fleiri íbúa en hlutfallslega lægri kostnaðar er munurinn milli gjalda og tekna minni en í Skeggjastaðahreppi. Þó þyrfti að hækka sorpgjöldin um nálega 13% til að standa undir heildarkostnaði. Heildarkostnaður vegna meðhöndlunar úrgangs árið 2005 var kr. 2.759.000, en tekjurnar voru kr. 2.413.000. Ekki eru til sundurliðaðar tölur vegna sorphirðukostnaðar, meðhöndlunarkostnaðar og flutningskostnaðar.

2.6. Breytingar með sameinuðu sveitarfélagi

Með sameiningu sveitarfélaganna í eitt og þeim samningi sem gerður hefur verið við Hringrás um hirðingu á endurvinnanlegum úrgangsflokkum, breytast aðstæður í úrgangsmálum. Með samningnum verður hætt að urða þá úrgangsflokka sem samningurinn nær til, s.s. dagblöð, fernur, hvers kyns pappaumbúðir o.fl.

Einnig verður útbúinn einn sameiginlegur urðunarstaður, sem uppfyllir kröfur Umhverfisstofnunar um fyrirkomulag á slíkum stöðum. Hins vegar eru vegalengdir það miklar í sveitarfélaginu að flutningskostnaður verður áfram mikill, nema gripið sé til aðgerða til að draga úr myndun úrgangs. Einnig hafa vegalengdirnar áhrif á, ef útbúið verður lokað gámaplan til að taka á móti flokkuðum úrgangi. Líklegast er að útbúa þurfi slíkt gámaplan á báðum þéttbýlisstöðunum.

Skeggjastaðahreppur innheimti einungis sorphirðugjald, en með sameiningu þá verður í öllu sveitarfélaginu innheimt bæði sorphirðugjald og sorpförgunargjald. Með þeirri breytingu er áætlað að gjöld sem innheimt eru vegna úrgangsmála standi undir þeim kostnaði sem af þessum málaflokki hlýst.

3. Spá um þróun til ársins 2020

Reiknað er með að íbúafjöldi í sveitarfélaginu verði nokkuð svipaður næstu árin og hefur verið síðustu ár. Því eru tillögur að aðgerðum miðaðar við þann íbúafjölda. Ef hins vegar verða umtalsverðar breytingar, þarf að breyta tillögum og forgangsröðun þeirra. Einnig er búist við að samsetning atvinnulífsins verði áþekk því sem nú er.

4. Tillögur um aðgerðir

Hér að neðan eru gerðar tillögur að aðgerðum í meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu. Tillögunum er í grófum dráttum ráðað í mikilvægisröð.

4.1. Tillögur fyrir Langanesbyggð

Vigtun og skráning úrgangs

Komið verði á og skráningu í samræmi við það viðmiðunarform sem Umhverfisstofnun hefur gefið út fyrir móttöku og ráðstöfun úrgangs. (Sbr. viðauka 6 í Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs).

Gjaldskrár og samþykktir

Sveitarfélagið útbúi gjaldskrá, þar sem innheimt er sorphirðu- og sorpförgunargjald í samræmi við magn úrgangs sem skilað er inn til förgunar. Á þetta bæði við um fyrirtæki og heimili. Tryggt sé að innheimt gjöld vegna sorphirðu og sorpförgunar standi undir þeim kostnaði sem af hlýst af þessum málaflokki. Jafnframt verði útbúnað samþykktir sem leggja skyldur á íbúana um flokkun úrgangs, meðhöndlun og skil. Einnig verði í þessum samþykktum m.a. lagt bann við notkun úrgangskvarna í eldhúsvaska, þar sem með notkun þeirra er verið færa vandann við meðhöndlun á lífrænum úrgangi yfir á fráveitukerfið og notkun þeirra getur skapað mörg vandamál vegna meðhöndlunar fráveituvatns, þ.á.m. vegna meðhöndlunar seyru.

Fræðsla

Fræðsla til íbúa og fyrirtækja um meðhöndlun úrgangs verði stóraukin. Sveitarfélagið vinni með öðrum sveitarfélögum á Austurlandi að því að útbúa sameiginlegan grunn að fræðsluefni, sem síðan yrði staðfært fyrir hvert og eitt sveitarfélag. Bæði sé fræðslu miðlað í undirbúningi breytinga, sem og þegar breytingar hafa orðið. Tryggt sé líka að eftirfylgni í formi fræðslu sé góð og stöðugt í gangi.

Lágmarka myndun úrgangs

Fyrirtæki, einstaklingar og aðrir verði hvattir til að draga úr myndun úrgangs. Komið verði á framfæri fræðsluefni um hvernig hægt sé að standa að slíku. Bæði sé þetta haft í huga við framleiðslu á vörum, en einnig við innkaup, þ.e. að fyrst sé metið hvort raunveruleg þörf sé fyrir vöruna, hvort hægt sé að gera við eldri vörur og að valdar séu frekar þær vörur sem hafa minni umbúðir.

Sorphirða

Fjölgað verði gámum í dreifbýli um tvo.

Gámasvæði

Útbúið verði lokað, mannað gámasvæði í sveitarfélaginu. Kannað verði hvort eitt slíkt gámasvæði dugi fyrir sveitarfélagið og hvar það ætti að vera, eða hvort þurfi að útbúa tvö slík gámasvæði. Íbúar sveitarfélagsins verði fræddir um hvaða úrgangsflokkum eigi að skila á gámasvæðið, hvernig ganga eigi frá úrganginum o.fl.

Söfnun heyrúlluplasts

Komið verði á söfnun heyrúlluplasts í öllu sveitarfélaginu og því komið í viðeigandi förgun.

Lífrænn úrgangur

Allur fiskúrgangur og annar lífrænn úrgangur eins og hægt er, verði nýttur til framleiðslu loðdýrafóðurs hjá Eldisfóðri ehf. á Vopnafirði. Reynt verði til hins ítrasta að koma sem mestu af lífrænum úrgangi í slíkan farveg. Fyrir annan lífrænan úrgang verði ráðist í miðlæga jarðgerð í sveitarfélaginu eða þá að komið verði á samstarfi við Vopnafjarðarhrepp um miðlæga jarðgerð á Vopnafirði. Íbúar í dreifbýli verði hvattir til heimajarðgerðar, til að minnka flutninga á úrgangi og þannig sé hægt að hafa sorphirðu sjaldnar í dreifbýli en ella.

Aukin endurnýting

Átak verði gert í aukinni endurnýtingu úrgangsflokka, í kjölfar gildistöku samnings við Hringrás um meðhöndlun ákveðinna úrgangsflokka. Þessum úrgangsflokkum verði markvisst safnað í sveitarfélaginu og brýnt fyrir íbúum um hvaða flokka er að ræða, hvar þeim skuli safnað og jafnframt verði fræðslu miðlað til íbúa um hvað er síðan gert við hvern og einn úrgangsflokk. Þetta verði gert til að hækka endurvinnsluhlutfallið, tryggja betri flokkun úrgangs og jafnframt til að auðvelda allra meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu.

Söfnun á úrvinnslugjaldsskyldum úrgangsflokkum

Í framhaldi af gildistöku samnings við Hringrás um hirðingu ákveðinna úrgangsflokka, verði komið á kerfi söfnunar á ákveðnum úrgangsflokkum sem bera úrvinnslugjald, s.s. blöðum, fernum, skilagjaldsskyldum umbúðum og e.t.v. fleiri flokkum, þar sem íþróttafélög eða góðgerðarfélög taki að sér reglulega söfnun á þessu í þéttbýliskjörnunum, líkt og gert er nú þegar á Egilsstöðum með söfnun á fernum. Með svona kerfi er hægt að draga úr kostnaði við grenndargáma og þá eldhættu sem getur skapast af þeim.

Uppbygging á nýjum urðunarstað

Unnið verði að skipulagningu og uppbyggingu á nýjum urðunarstað í Langanesbyggð.

Aukin endurnotkun

Hvatt verði til aukinnar endurnotkunar hluta, komið verði á miðlægum markaði fyrir nytjahluti, byggingarefni, húsgögn o.fl. Sveitarfélagið vinni að þessu í samvinnu við önnur sveitarfélög á Austurlandi. Einnig verði heimasíða sveitarfélagsins nýtt fyrir íbúa sem vilja gefa hluti sem annars þarf að henda.

Söfnun á brotamálum og timbri í dreifbýli

Komið verði á reglulegri söfnun brotamálma og timburs í dreifbýli og sé miðað við að slíkt sé gert einu sinni á ári. Þetta sé gert til að auðvelda íbúum dreifbýlis að koma þessum úrgangsflokkum af sér í viðeigandi förgun.

Söfnun raftækja

Einn af þeim úrgangsflokkum sem tekið verði á móti á lokuðu, mönnum gámasvæði, verði raftæki. Hringrás komi þeim síðan í viðeigandi endurnýtingu, á grunni samnings sveitarfélagsins við fyrirtækið.

Sveigjanleg sorphirðugjöld

Sveitarfélagið kanni möguleikann á að taka upp hugmyndafræði svokallaðra *Grænna tunna* frá Reykjavíkurborg, með því að úrgangur verði sóttur í annað hvort sinn til þeirra sem þess óska. Sorphirðugjald yrði lækkað hjá þeim sem taka þátt í þessu kerfi. Einnig verði önnur sveigjanleg sorphirðugjöld skoðuð, s.s. að íbúar geri samning við sveitarfélagið um heimajarðgerð og greiði þá lægra sorphirðugjald.

Staðardagskrá 21

Langanesbyggð nýti sér aðferðafræði Staðardagskrár 21, til að móta stefnu sveitarfélagsins og verði sérstök áhersla lögð á lágörkun, meðhöndlun og förgun úrgangs í þeirri áætlun.

Vistvernd í verki

Sveitarfélagið gerist aðili að verkefninu *Vistvernd í verki* sem haldið er úti af Landvernd og er þetta liður í að miðla fræðslu til íbúanna og þannig vinna markvisst að því að draga úr myndun úrgangs í sveitarfélögunum.

Grænt bókhald og opinber innkaup

Langanesbyggð móti sér stefnu um opinber innkaup, auk þess sem þau taki upp grænt bókhald. Tilgangur þessa er að með þessu móti sé dregið úr myndun úrgangs hjá stofnunum sveitarfélagsins.

Endurnýting veiðarfæra

Útgerðarfyrirtæki komi veiðarfærum í viðeigandi förgun. Þrýst verði á LÍÚ um að sinna þessum úrgangsflokki, alls staðar á landinu þar sem er útgerð.

Viðauki 1: Skilgreiningar

Afskekkt byggð: landsvæði þar sem íbúar í hverju sveitarfélagi eða byggð eru ekki fleiri en 500 og íbúar á ferkílómetra ekki fleiri en fimm og fjarlægð til næsta þéttbýlisstaðar, þar sem íbúar eru minnst 250 á ferkílómetra, er ekki undir 50 kílómetrum eða þar sem vegasamgöngur til næsta þéttbýlisstaðar eru torveldar hluta ársins sakir erfiðra veðurskilyrða.

Besta fáanlega tækni: framleiðsluaðferð og tækjakostur sem beitt er til að lágmarka mengun og myndun úrgangs. Tækni nær til framleiðsluaðferðar, tækjakosts, hönnunar mannvirkja, eftirlits og viðhalds búnaðarins og starfrækslu hans. Með fáanlegri tækni er átt við aðgengilega framleiðsluaðferð og tækjakost (tækni) sem þróaður hefur verið til að beita í viðkomandi atvinnurekstri og skal tekið mið af tæknilegum og efnahagslegum forsendum. Með bestu er átt við virkustu aðferðina til að vernda alla þætti umhverfisins gegn mengun.

Brennslustöð: hvers kyns tæknibúnaður sem notaður er til að brenna úrgang, hvort sem hitinn sem myndast við brennsluna er nýttur eða ekki.

Endurnotkun: endurtekin notkun úrgangs í óbreyttri mynd.

Endurnýting: hvers konar nýting úrgangs, önnur en endurnotkun, þ.m.t. endurvinnsla og orkuvinnsla.

Flokkun: aðgreining úrgangstegunda til þess að hægt sé að endurnýta úrgangsefni og koma þeim úrgangi sem ekki nýtist til viðeigandi förgunar.

Flokkunarmiðstöð: staður þar sem tekið er við úrgangi sem er safnað saman kerfisbundið til flokkunar, til endurnýtingar og/eða til förgunar.

Flutningur: ferli þegar úrgangur er fluttur í atvinnuskyni til endurnotkunar, endurnýtingar eða förgunar.

Förgunarstaður: staður þar sem förgun úrgangs fer fram, m.a. urðunarstaðir og brennslustöðvar.

Förgun úrgangs: aðgerð eða ferli þegar úrgangi er umbreytt og/eða komið fyrir varanlega, svo sem urðun og sorpbrennsla.

Grunnvatn: vatn í gegnmettuðum jarðlögum undir yfirborði jarðar.

Heimilisúrgangur (sorp): úrgangur frá heimilum, t.d. matarleifar, pappír, pappi, plast, garðaúrgangur, gler, timbur, málmar og sams konar leifar frá rekstraraðilum o.þ.h.

Losunarmörk: mörk fyrir leyfilega losun sem óheimilt er að fara yfir á einu eða fleiri tímabilum. Mörkin geta verið tilgreind sem massi, rúmmál, styrkur eða aðrar breytur.

Meðhöndlun úrgangs: söfnun, geymsla, böggun, flokkun, flutningur, endurnotkun, endurnýting, pökkun og förgun úrgangs, þ.m.t. eftirlit með slíkri starfsemi og umsjón með förgunarstöðum eftir að þeim hefur verið lokað.

Mengun: þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis og ýmissa óæskilegra eðlisfræðilegra þátta.

Móttökustöð: staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi til geymslu til lengri eða skemmri tíma, til umhleðslu, flokkunar eða annarrar meðhöndlunar. Þaðan fer úrgangurinn til förgunar eða nýtingar, eða honum er fargað á staðnum. Undir móttökustöð falla flokkunarmiðstöðvar og förgunarstaðir.

Óvirkur úrgangur: úrgangur sem breytist ekki verulega líf-, efna- eða eðlisfræðilega.

Rekstraraðili: einstaklingur eða lögaðili sem ber ábyrgð á meðhöndlun úrgangs í samræmi við ákvæði starfsleyfis.

Rekstrarúrgangur: úrgangur frá framleiðslu, þjónustu og verslun, t.d. matarleifar, pappír, pappi, plast, gler, timbur, málmar, leifar frá framleiðslu o.þ.h.

Samþættar mengunarvarnir: aðferð þar sem samþættum aðgerðum er beitt til að draga sem mest úr losun mengunarefna út í andrúmsloft, vatn eða jarðveg og stuðla að víðtækri umhverfisvernd með því að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið ef mengun færir á milli lofts, láðs og lagar.

Spilliefni: úrgangur sem inniheldur efni sem haft geta mengandi eða óæskileg áhrif á umhverfið hvort sem þau eru óblönduð eða hluti af öðrum efnum, vörum eða umbúðum sem komist hafa í snertingu við spilliefni og skráð eru á lista í reglugerð um úrgang, sbr. 13. gr.

Söfnunarstöð (gámastöð): staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi frá almenningi og/eða smærri fyrirtækjum. Þaðan fer hann til endurnotkunar og endurnýtingar eða er fluttur til móttökustöðva.

Umflutningur: flutningur úrgangs í íslenska höfn og þaðan út aftur án tollafgreiðslu.

Urðun: varsla úrgangs á eða í landi sem ekki felur í sér frekari vinnslu hans eða nýtingu um fjárfisgjaflegu framtíð.

Urðunarstaður: staður þar sem tekið er við úrgangi til förgunar á eða í landi, þar á meðal urðunarstaður fyrir eigin úrgang og varanlegur staður þar sem úrgangur er geymdur til lengri tíma.

Úrgangur: hvers kyns efni eða hlutir sem framleiðandi úrgangs eða sá sem hefur úrgang í vörslu sinni ákveður að losa sig við eða er gert að losa sig við á tiltekinn hátt og skráður er á lista í reglugerð um úrgang, sbr. 13. gr.

Vatn: grunnvatn og yfirborðsvatn.

Vöktun: kerfisbundin og síendurtekin skráning einstakra breytilegra þátta í umhverfinu.

Viðauki 2: Gildandi lög og reglugerðir

Lög

- Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs
- Lög nr. 162/2002 um úrvinnslugjald
- Lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum
- Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir
- Lög nr. 52/1989 um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur
- Lög nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni

Reglugerðir

- Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs
- Reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs
- Reglugerð nr. 739/2003 um brennslu úrgangs
- Reglugerð nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum
- Reglugerð nr. 1124/2005 um úrvinnslugjald
- Reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang
- Reglugerð nr. 660/2000 um meðferð og nýtingu á sláturúrgangi og dýraúrgangi
- Reglugerð nr. 809/1999 um olíuúrgang
- Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni
- Reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru
- Reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit
- Reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun
- Reglugerð nr. 609/1996 um meðferð umbúða og umbúðaúrgangs